



ORKUSTOFNUN

Um prófun á gasþoli gasþeysa
Kröfluvirkjunar

Halldór Ármannsson

Greinargerð HÁ-88-01

ORKUSTOFNUN
Jarðhitadeild
88.03.04

Greinargerð
HA-88/01

UM PRÓFUN Á GASPOLI GASPEYSA KRÖFLUVIRKJUNAR.

Frá upphafi gekk rekstur gasþeysa Kröfluvirkjunar brösulega. Ær virkjunin var fyrst hönnuð, var gert ráð fyrir mun minni gasstyrk í gufunni en rauð vará á. Fyrstu efnafræðilegar prófanir á hæfni gasþeysanna voru gerðar í apríl 1983 (Halldór Ármannsson 1983a) og var þá aðallega verið að kanna möguleika á andrúmsloftsmengun, sem gæfi þá til kynna leka, sem skerti getu þeysanna. Reyndist hún smávægileg og ekki talin eiga að hamla gaslosun að nokkrum marki. Sumarið 1983 voru settir upp nýjir gasþeysar, sem voru prófaðir vandilega um haustið (Halldór Ármannsson 1983b, Halldór Ármannsson & Jón Benjaminsson 1983). Voru þá bæði könnuð áhrif viðbótar gasríkrar gufu á vinnslu og möguleikar á andrúmsloftsmengun. Við 23 MW framleiðslu reyndust gasþeysar ekki ráða við viðbót gufu frá holu KJ-15 og reyndist framleiðsla minnka við hana um 1 MW. Að þeim upplýsingum fengnum var kvartáð við framleiðendur, sem viðurkenndu sína sök, og sáu um að nýjum gasþeysum var komið fyrir í Kröfluvirkjun sumarið 1984. Nýju gasþeysarnir voru prófaðir í apríl 1985, en á þeim tíma framleiddi stöðin aðeins 20 MW og var látið négja að prófa þá við þá framleiðslu (Halldór Ármannsson 1985).

Þer prófanir, sem hér verður fjallað um eru fólgunar í því að mæla gasstyrk gufu og gufustreymi ákvæðinna hola og bæta síðan rennsli frá þeim á gufuveituna og mæla hvaða breyting verður á rafmagnsframleiðslu stöðvarinnar og gasstyrk þeirrar gufu, sem notuð er, við það. Hola KJ-15 hefur verið notuð sem viðmiðunarholu vegna þess hve gasrík hún er. Hér er ekki verið að ræða um prófanir, sem gerðar hafa verið í samvinnu við Verkfraðistofu Sigurðar Thoroddssen og felast í athugunum á andrúmsloftsmengun í gosi aftan gasþeysa.

Niðurstöðan vorið 1985 var sú, að núverandi gasþeysar önnuðu viðbót gufu holu KJ-15 á kerfið við 20 MW framleiðslu. Í seinni tíð hefur verið leitast við að reka Kröfluvirkjun á fullum afköstum, þ.e 30 MW, en ekki hefur verið gerð prófun á þoli gasþeysanna við þau skilyrði. Hins vegar hafa sumar athuganir bent til þess, að ekki sé vist, að allt sé með felldu að þessu leyti. Jón Benjaminsson o.fl. (1987) fengu m.a. eftirfarandi niðurstöður um gas og afl hola KJ-17 og KJ-20:

Hola	Gufa	7 bara	Gas %
KJ-17		4.4	0.64
KJ-20		5.8	3.47

Þegar KJ-20 var í notkun var raforkuframleiðala hins vegar 1 MW minni en þegar KJ-17 var í notkun í hennar stað. Ásgrímur Guðmundsson & Jón Benjaminsson (1987) mældu gasstyrk í holu KJ-17 í mars 1987 og reyndist hann um 2.5%. Afl hennar var þá um 9.5 kg/s við 7 bary, en framleiðsla virkjunarinnar reyndist ekki minnka nema um 0.5 MW við úttöku rennslis hennar, en búast mætti

við 4-5 MW minnkun miðað við mælt afl. Vitað er, að sú hola er alla jafna fremur gasrik, en nákvæmar upplýsingar um gasstyrk skortir í seinni tið vegna ófullnægjandi aðstöðu til gassýnatöku við holuna.

Því virðist brýnt að gera prófun við ákvæðnar aðstæður. Sjálfsagt er að athuga áhrif viðmiðunarholunnar KJ-15 til að kenna hvort gasþeysarnir bala viðbót rennslis hennar við 30 MW framleiðslu og ef svo er ekki þá hvort það er enn balað við 20 MW framleiðslu, sem hún ætti að gera hafi ekkert farið úrskeiðis síðan í apríl 1985. Þar sem Suðurhlíðaholurnar eru einkar mikilvægar hvað varðar rekstur stöðvarinnar virðist og ráðlegt að kenna viðbrögð stöðvarinnar við rennsli þeirra við um 30 MW framleiðslu. Hafi það t.d. lítil sem engin áhrif að bæta rennsli aflmikilla hola á borð við KJ-19 og KJ-20 við gufuveituna, þegar nálgast full afköst getur vel borgað sig að hvila þær hverja um sig og minnka þar með álag á svæðinu frekar en að neyða 1-2 MW út úr þeim.

Mælt er með eftirfarandi aðgerðum:

Orkustofnun sendi sinn mann á staðinn og sjái hann um afli- og gasmælingar. Starfsmenn Kröfluvirkjunar sjái um að beina rennsli einstakra hola að og frá gufuveitunni samkvæmt eftirfarandi dagskrá: einnig um að láta upplýsingar um framleiðslu virkjunarinnar í MW starfsmanni Orkustofnunar í té, þegar óskad er. Séð verði um að aliur búnaður á holum til sýnatöku og aflmælinga verði í fullkomnu lagi, þegar mælingar hefjast. Eskiilegt er, að gufa frá KJ-22 sé á veitunni, meðan á prófunum stendur.

Dagskrá:

1. dagur: Orkustofnunarmaður kemur í Kröflu og undirbýr sínar mælingar. Skráð verður framleiðsla virkjunarinnar í MW og tekið sýni af gufurennslu í stöð. Rennsli holu KJ-15 verður bætt við gufuveitu.

2. dagur: Framleiðsla virkjunarinnar í MW skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Rennsli allra Suðurhlíðahola tekið af veitu. Sirita komið fyrir á holu KJ-17 til að ákvæða "beinan kafla" rennslisferils hennar.

3. dagur: Framleiðsla virkjunarinnar í MW skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Rennsli holu KJ-15 tekið af gufuveitu. Holur KJ-14 og KJ-15 aflmældar og sýni tekin af gufu þeirra til gasákvörðunar.

4. dagur: Framleiðsla virkjunarinnar í MW skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Rennsli holu KJ-14 bætt við gufuveitu. Holur KJ-17 aflmæld og sýni af gufu hennar tekið, meðan á "beina rennslikskaflanum" stendur.

5. dagur: Framleiðsla virkjunarinnar í MW skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Rennsli holu KJ-17 bætt við gufuveitu. Holur KJ-19 og KJ-20 aflmældar og sýni tekin af gufu þeirra.

6.dagur: Framleiðsla virkjunarinnar skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Rennsli holu KJ-19 bætt við gufuveitu.

7.dagur: Framleiðsla virkjunarinnar skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Rennsli KJ-20 bætt við gufuveitu.

8.dagur: Framleiðsla virkjunarinnar skráð og sýni tekið af gufu gufuveitu. Lokið við efnagreiningar og reikninga. Bráðabirgðaskýrslu skilað ef timi vinnst til.

Framhald ræðst af niðurstöðum. Verði þær neikvæðar hvað varðar gasþeyrsana væri e.t.v. rétt að hafa samráð við verkfræðistofu um athugun á andrúmsloftsmengun í þeim. Einnig mætti í sambandi við þær mælingar gera prófanir á áhrifum einstakra Suðurhliðahola við full afköst. Alla vega þyrfti þá að hafa samband við framleiðendur, þar eð lijóst er að þá væri ástæða til að gera kröfу á hendur þeim. Sennilega er ekki verru að gera athugun eins og þá, sem hér er lýst fyrr en síðar, ef einhver vandi er fyrir hendi.

Heimildir

Ásgrímur Guðmundsson & Jón Benjaminsson 1987: Krafla. Athugun á gasstyrk i gufu hola KJ-19 og 20, og völdum gufuaugum. Orkustofnun. Jarðhitadeild. Greinargerð. AsG-JBen-87/03, 7 s.

Halldór Ármannsson 1983a: Krafla. Gas í háþrystilögnum og gaslosunarþúnaði. Athugun á andrúmsloftsmengunum 1983.04.14. Orkustofnun, OS-B3029/JHD-10 B, 7 s.


Halldór Ármannsson 1983b: Gas í gufu. Lýsing og prófun ákvörðunaraðferða. Krafla: Athugun á gasstyrk gufu við mismunandi rekstraraðstæður í háþrystilögnum og í gaslosunarþúnaði, 1983.10.06-07. Orkustofnun, OS-B3093/JHD-32 B, 24 s.

Halldor Ármannsson 1985: Krafla. Gasmælingar vegna prófunar nýrra gasþeysa, 1985.04.29-30. Orkustofnun, OS-B3051/JHD-17 B, 8 s.

Halldór Ármannsson & Jón Benjaminsson 1983: Krafla. Mælingar á gasstyrk í gufulögnum og aftan við gasþeysa 1983.11.02-03. Orkustofnun, OS-B3098/JHD-36 B, 9 s.

Jón Benjaminsson, Guðmundur R. Stefánsson og Páll H. Jónasson 1987: Krafla. Haustmánuðir 1987. Orkustofnun, OS-87051/JHD-29 B, 67 s.

Reykjavík 4. mars 1987


Halldór Ármannsson.